

Sunddeild Keflavíkur

Ársskýrsla 2008



Aðalfundur Sunddeildar Keflavíkur 26.1.2009

1. Fundarsetning
2. Kosinn fundarstjóri
3. Kosinn fundarritari
4. Fundarritari les fundargerð síðasta aðalfundar
5. Formaður les skýrslur deildarstjórnar um starfssemina á liðnu ári
6. Gjaldkeri deildar leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga
7. Kaffihlé
8. Kosningar
 - a. Kosinn formaður
 - b. Kosnir 5 meðstjórnendur
 - c. Kosnir 3 menn í varastjórn
 - d. Kosnir 2 endurskoðendur og einn til vara
 - e. Kosið í nefndir og ráð
9. Æfingagjald fyrir næsta ár ákveðið
10. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár
11. Önnur mál
12. Fundi slitið

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2008

Líkt og fyrri ár hafa eldri sundmenn æft og keppt undir merkjum ÍRB með Sunddeild Njarðvíkur og hefur samstarfið verið með ágætum og átt sinn þátt í þeirri uppsveiflu sem einkennt hefur sundstarfið í Reykjanesbæ á undanförunum árum.

Aldursflokkameistarmót Íslands í sundi (AMÍ) og Bikarkeppni Íslands í sundi voru bæði haldin í Vatnaveröld í Reykjanesbæ. Þessi mót voru haldin með aðeins um tveggja vikna millibili og rétt rúmum mánuði eftir að eitt fjölmennasta sundmót Íslandssögunnar, Sparisjóðsmót ÍRB, var haldið í sömu laug. Þessi þriggja stór –móta – syrpa á jafn stuttum tíma verður seint endurtekin af nokkru sundfélagi.

Það stóð reyndar ekki til að AMÍ yrði haldið hér í Reykjanesbæ, en þegar útséð var með það að nýja laugin í Hafnirfirði yrði tilbúin í tíma, þá leitaði Sundsamband Íslands til okkar með stuttum fyrirvara og bað ÍRB, sunddeildir Keflavíkur og Njarðvíkur, að taka mótið að sér. Þrátt fyrir stuttan undirbúningstíma, þá tókst mótið einstaklega vel og margir telja að umgjörðin hafi verið sú flottasta sem AMÍ hafi verið búin. Allt þetta ber þess merki hversu öflugt starf sunddeildir Keflavíkur og Njarðvíkur reka undir merkjum ÍRB, foreldrastarfið er öflugt og það er góður stuðningur frá bæjarfélaginu og fyrirtækjum. Gullmolarnir okkar, þ.e.a.s. sundmenn og þjálfarar, kórónuðu mótahaldið með glæstum sigrum. Við vörumst að gera upp á milli okkar mörgu góðu stuðningsaðila í hópi einstaklinga og fyrirtækja, en okkur er þó ljúft og skylt að þakka okkar aðalstyrktaraðilum sem eru Sparisjóðurinn í Keflavík og Samkaup. Án þessara fyrirtækja, þá hefðum við ekki getað haldið þessi þrjú stóru mót innan þröngs tímaramma og með þessum myndarbrag. Auk þess má ég til með að nefna hann Sigurjón bakara, sem hefur sýnt okkur mikinn vinarbrag í mörg ár og er jafnan boðinn og búinn að leggja okkur lið. Sparisjóðurinn í Keflavík, Samkaup, Sigurjónsbakarí og aðrir styrktaraðilar okkar heyja, nú sem fyrr, sína keppni á vettvangi reksturs og viðskipta. Fyrir hönd Sunddeildar Keflavíkur þá óska ég þeim góðs gengis í þeirri keppni, við reynum að hvetja ykkur og styðja, líkt og þið okkur.

Á Íslandsmótinu í 50 metra laug, IM50, í apríl þá vann ÍRB 18 Íslandsmeistaratitla af 38! Erla Dögg Haraldsdóttir var án efa stjarna mótsins, hún vann til 5 Íslandsmeistaratitla í einstaklingsgreinum og setti 4 Íslandsmet, sannarlega glæsilegt! Auk Erlu Daggar, þá unnu Birkir Már Jónsson, Davíð Hildiberg Aðalsteinsson, Soffía Klemenzdóttir, Sindri Þór Jakobsson, Árni Már Árnason, Hilmar Pétur Sigurðsson, Jóna Helena Bjarnadóttir og Marín Jónsdóttir til Íslandsmeistaratitla. Sveit ÍRB, skipuð þeim Davíð, Árna, Sindra og Birki, setti Íslandsmet í 4x100 m fjórsundi karla.

Meira um okkar bestu sundmenn. Erla Dögg og Árni Már kepptu á Ólympíuleikunum í Peking og stóðu sig með þryði og stóð þar upp úr Íslandsmet Árna Más í 50 m skriðssundi. Nú á haustdögum héldu þau til Bandaríkjanna til náms og það sama gerði Birkir Már. Öll æfa þau og keppa með sundliðum sinna skóla og munu án efa koma enn sterkari til baka. Þau hafa nú þegar stimplað sig hressilega inn hjá sínum liðum og þess má til gamans geta að Birkir Már var nú nýverið útnefndur sundmaður vikunnar í s.k. Sun – Belt deild fyrir frábæran árangur og skólamet í 200yarda sundi, auk þess sem hann synti til sigurs með sveitum síns skóla. Um leið og við óskum okkar fólki góðs gengis í Bandaríkjunum, þá munum við vitaskuld sakna þessa öflugu sundmanna í mótum á nýju keppnistímabili. Við horfum engu að síður björtum augum til komandi tímabils og komandi ára enda hafa Aldursflokkameistarar ÍRB síðastliðin 5 ár

á að skipa öflugu sundfólki! Í þessu samhengi má t.d. geta þess að stúlknasveitir ÍRB settu 2 stúlknamet á IM50 á þessu ári, en sveitirnar skipuðu Keflavíkurdömunar Marín Hrund Jónsdóttir, Lilja Ingimarsdóttir, Soffía Klemenzdóttir, Jóna Helena Bjarnadóttir, Svandís Þóra Sæmundsdóttir og Diljá Heimisdóttir. Síðan átti ÍRB þrjá af fjórum fulltrúum Íslands á Evrópumeistaramóti unglunga sem fram fór í Serbíu í júlí. Það voru þau Davíð Hildiberg, Sindri Þór og Soffía. Jafnframt áttum við einnig tvo fulltrúa á Norðurlandamóti æskunnar í Finnlandi í ágúst, en það voru þau Gunnar Örn og Lilja Ingimarsdóttir. Loks má geta þess að okkar yngri sundmenn hafa verið að ná góðum árangri á mótum í haust, til að mynda hefur verið eftir því tekið að meylla- og sveinasveitir ÍRB, 11 – 12 ára sundmenn, hafa verið að vinna sín sund með miklum yfirburðum.

Á IM25 fór Davíð Hildiberg Aðalsteinsson á kostum og vann 5 af 9 Íslandsmeistaratitlum ÍRB, það kom enda fáum á óvart þegar hann var valinn Sundmaður Keflavíkur 2009 í lok desember.

Sigmar Björnsson varð síðan tvöfaldur Norðurlandameistari garpa á haustdögum.

Steindór og Eðvarð, voru verðskuldað valdir þjálfarar ársins á lokahófi SSÍ eftir IM25, frábærir þjálfarar sigursælasta sundliðs ársins 2008! Sóley Margeirsdóttir tók við þjálfun sundmanna 6 – 13 ára í haust, ásamt því að halda áfram með þjálfun 2 – 5 ára sundmanna. Við bindum við góðar vonir við störf Sóleyjar í framtíðinni.

Í júlí fóru 43 sundmenn, 12 ára og eldri, ásamt 2 þjálfurum og 4 fararstjórum í æfingaferð til Calella á Spáni. Ferðin tókst gríðarlega vel, ýmislegt skemmtilegt var gert í bland við góðar æfingar við toppaðstæður í frábæru veðri og í frábærum félagsskap, þar sem ríkti góður andi og samheldni.

Æfingagjöld voru hækkuð um 10% síðastliðið haust til að koma til móts við hækkanir í þjóðfélaginu. Enn sem fyrr eru æfingagjöld deildarinnar talsvert lægri en æfingagjöld þeirra sundfélaga sem við berum okkar saman við. Líkt og undanfarin ár hefur afkoma deildarinnar verið með ágætum og er fjárhagsstaða deildarinnar traust. Við höfum notið stuðnings frá ýmsum aðilum eins og áður hefur verið getið. Deildin hefur, líkt og undanfarin ár, styrkt sundmenn til verkefna og keppni.

Heimasíðan hefur orðið enn virkari og skráningar í Felix enn betri. SK fékk á árinu endurnýjun á nafnbótinni fyrirmyndarfélag. Stjórn SK er staðráðinn í því að vinna áfram að uppgangi sundíþróttarinnar í Reykjanesbæ í þágu sundmanna, foreldra og samfélagsins sem við búum í.

Stjórn Sunddeildar Keflavíkur árið 2008,

Elín Rafnsdóttir, varamaður

Falur Helgi Daðason, meðstjórnandi

Guðbjörg Lilja Jónsdóttir, ritari

Guðmundur Jón Bjarnason, formaður


Guðrún Antonsdóttir, gjaldkeri

Júlíus Friðriksson, meðstjórnandi

Sigríður Björnsdóttir, varamaður

Sigurbjörg Róbertsdóttir, varaformaður

Þórhildur Jónsdóttir, varamaður



ÍRB - Aldursflokkameistarar 2008.



ÍRB – Bikarmeistarar karla og kvenna 2008



Sigursælar boðsundsveitir meylla og sveina á AMÍ 2008



Calella – sundmennirnir



Þjálfarar ársins, Steindór og Eddi

Sundárið 2008 hjá sundmönnum SK / ÍRB

ÍM 50 / íslandsmeistaratitlar alls 8

Davíð Hildiberg Aðalsteinsson: 200bak, 100m baksund

Soffía Klemenzdóttir: 400m fjórsund

Birkir Már Jónsson: 200m skriðsund

4 x 200m skriðsund karla: Sindri Þór Jakobsson, Hilmar Pétur Sigurðsson, Árni Már Árnason og Birkir Már Jónsson.

4 x 100 skriðsund karla: Sindri Þór Jakobsson, Davíð Hildiberg Aðalsteinsson, Árni Már Árnason og Birkir Már Jónsson.

4 x100 m fjórsund karla: Davíð Hildiberg Aðalsteinsson, Árni Már Árnason, Sindri Þór Jakobsson og Birkir Már Jónsson Íslandsmet 3.57.62 (íslm. 3.59.77)

4 x 100 m fjórsund kvenna: Marín Hrund Jónsdóttir, Erla Dögg Harladsdóttir, Soffía Klemenzdóttir og Jóna Helena Bjarnadóttir.

AMÍ 2008 íslandsmeistarar

Davíð Hildiberg Aðalsteinsson, Sólrún Ósk Árnadóttir, Ingi Rúnar Árnason, María Ása Áspórsdóttir, Jóna Helena Bjarnadóttir, Þróstur Bjarnason, Aníta Ósk Drzymkowska, Sædís María Drzymkowska, Ólöf Edda Eðvarðsdóttir, Rúnar Ingi Eðvarðsson, Alexander Páll Friðriksson, Bjarni Ragnar Guðmundsson, Hólfríður Rún Guðmundsdóttir, Salome Rós Guðmundsdóttir, Jón Ágúst Guðmundsson, Aðalheiður Gunnarssdóttir, Sóley Ósk Hafsteinsdóttir, Steinar Freyr Hafsteinsson, María Halldórsdóttir, Diljá Heimisdóttir, Ámundi Georg Hlynsson, Lísbet Helga Helgadóttir, Lilja Ingimarsdóttir, Íris Dögg Ingvadóttir, Elfa Ingvadóttir, Einar Þór Ívarsson, Ásta Sóllilja Jónsdóttir, Marín Hrund Jónsdóttir, Jóhanna Júlía Júlíusdóttir, Eyþór Ingi Júlíusson, Örn Viljar Kjartansson, Elín Óla Klemenzdóttir, Soffía Klemenzdóttir, Sveinn Ólafur Lúðvíksson, Vilberg Andri Magnússon, Margrét Lilja Margeirsdóttir, Hermann Bjarki Níelsson, Stefán Örn Ólafsson, Baldvin Sigmarsson, María Sigurðardóttir, Kristófer Sigurðsson, Sigurður Helgi Sigurðsson, Þórður Sigurgeirsson, Erla Sigurjónsdóttir, Helga Kristín Sverrisdóttir, Svandís Þóra Sæmundsdóttir, Birta Ósk Theódórsdóttir, Aleksandra Wasilewska, Eðvarð Þór Eðvarðsson, Steindór Gunnarsson.

Alls 50 einstaklingar

ÍM 25 / íslandsmeistaratitlar alls 7 titlar

Davíð Hildiberg Aðalsteinsson: 100m skrið, 50m bak, 100m bak, 200m skrið, 200m bak.

Jóna Helena Bjarnadóttir: 400m fjórsund

Soffía Klemenzdóttir: 200m fjórsund

Allir sem urðu íslandsmeistarar á árinu 2008

Davíð Hildiberg Aðalsteinsson, Sólrún Ósk Árnadóttir, Ingi Rúnar Árnason, María Ása Áspórsdóttir, Jóna Helena Bjarnadóttir, Þröstur Bjarnason, Aníta Ósk Drzymkowska, Sædís María Drzymkowska, Ólöf Edda Eðvarðsdóttir, Rúnar Ingi Eðvarðsson, Alexander Páll Friðriksson, Bjarni Ragnar Guðmundsson, Hólmfríður Rún Guðmundsdóttir, Salome Rós Guðmundsdóttir, Jón Ágúst Guðmundsson, Aðalheiður Gunnarssdóttir, Sóley Ósk Hafsteinsdóttir, Steinar Freyr Hafsteinsson, María Halldórsdóttir, Diljá Heimisdóttir, Ámundi Georg Hlynsson, Lísbet Helga Helgadóttir, Lilja Ingimarsdóttir, Íris Dögg Ingvadóttir, Elfa Ingvadóttir, Einar Þór Ívarsson, Ásta Sóllilja Jónsdóttir, Marín Hrund Jónsdóttir, Jóhanna Júlía Júlíusdóttir, Eyþór Ingi Júlíusson, Örn Viljar Kjartansson, Elín Óla Klemenzdóttir, Soffía Klemenzdóttir, Sveinn Ólafur Lúðvíksson, Vilberg Andri Magnússon, Margrét Lilja Margeirsdóttir, Hermann Bjarki Níelsson, Stefán Örn Ólafsson, Baldvin Sigmarsson, María Sigurðardóttir, Kristófer Sigurðsson, Sigurður Helgi Sigurðsson, Þórður Sigurgeirsson, Erla Sigurjónsdóttir, Helga Kristín Sverrisdóttir, Svandís Þóra Sæmundsdóttir, Birta Ósk Theódórsdóttir, Aleksandra Wasilewska, Birkir Már Jónsson, Sigmar Björnsson, Eðvarð Þór Eðvarðsson, Steindór Gunnarsson.

Alls 52 einstaklingar

Íslandsmeistari Garpa

Sigmar Björnsson í 100 og 200m bringusundi. 50 – 54 ára

Norðurlandameistari Garpa

Sigmar Björnsson varð tvöfaldur Norðurlandameistari garpa í sundi í flokki 50 - 54 ára í 100m bringusundi og 200m bringusundi. Jóhann Björnsson bróðir hans vann jafnframt til til silfurverðlauna í 100m flugsundi.

Liðakeppnir

Aldursflokkameistaramót 1. sæti

Bikarkeppni karla 1. sæti

Bikarkeppni kvenna 1. sæti

Gullmót KR 1. sæti

Aðrir titlar

Stigahæsta meyja á AMÍ. Jóhanna Júlía Júlíusdóttir

Stighæstur á sundmóti SH: Davíð Hildiberg Aðalsteinsson

Þjálfarar ársins.

Á uppskeruhátíð Sundsambands Íslands þá unnu þjálfarar deildanna til verðlauna.

Eðvarð Þór Eðvarðsson var valinn **Unglingaþjálfari ársins** og Steindór Gunnarsson, var valinn **Þjálfari ársins**.

Styrkir

Þrír sundmenn hlutu styrk frá ÍSÍ úr styrktarsjóði ungra og efnilegra. Davíð Hildiberg Aðalsteinsson, Jóna Helena Bjarnadóttir og Soffía Klemenzdóttir.

Mare Nostrum / Danish Open

Einn sundmaður frá okkur, Birkir Már Jónsson reyndi að ná Ólympúlágmörkumí 200m skriðsundi á Mare Nostrum mótariðinni. Keppt var í Barcelona og Canet. Birkir keppti einnig á Danish Open. Birkir Már stóð sig með stakri þryði á þessum mótum, en náði því miður ekki lágmörkum fyrir ÓL. Hann synti á sínum besta tíma í greininni og hafnaði í 4. sæti á Danish Open. Birkir Már hefur nú hafið nám í New Orleans í Bandaríkjunum á fullum skólasyrk.

CIJ LUX

Sundfólkið okkar stóð sig með ágætum á CIJ LUX mótinu í Luxemborg. Þrír sundmenn tóku þátt í mótinu og var árangur þeirra nokkuð góður, sum sund með bætingu, sum á pari en önnur nokkuð frá. Sundmennirnir sem kepptu á mótinu voru: Davíð Hildiberg Aðalsteinsson, Jóna Helena Bjarnadóttir og Soffía Klemenzdóttir. Soffía vann til tveggja verðlauna, gull í 200m flugsundi og silfur í 400m fjórsundi, og Davíð vann til bronsverðlauna í 200m baksundi.

EMU

Tveir sundmenn frá okkur (af fjórum) náðu lágmörkum og kepptu á Evrópumeistaramóti unglunga sem fram fór í Serbíu í lok júlí. Það voru þau Davíð Hildiberg Aðalsteinsson og Soffía Klemenzdóttir og stóðu þau sig með stakri þryði.

NÆM

Einn sundmaður frá okkur náði lágmörkum og keppti á Norðurlandamóti Æskunnar sem fram fór í Tampere í Finnlandi um verslunarmannahelgina. Það var Lilja Ingimarsdóttir sem keppti í 50,100 og 200m bringusundi og hafnaði hún í 5. sæti í öllum sínum greinum.

NMU

Tveir sundmenn náðu lágmörkum og kepptu á Norðurlandameistarmóti unglunga í Svíþjóð. Það voru þær Lilja Ingimarsdóttir og Soffía Klemenzdóttir, en Soffía vann til bronsverðlauna í 200m fjórsundi.

EM 25

Einn sundmaður frá okkur náði lágmörkum á Evrópumeistaramótið í 25m laug Það var Davíð Hildiberg Aðalsteinsson, en hann ákvað að bíða með þáttöku þar til síðar vegna anna í námi. Davíð var jafnframt valinn sundmaður Keflavíkur í ár.

Íslandsmet á árinu.

Þrjú íslandsmet féllu á árinu Einar Þór Ívarsson sló íslandsmet sveina í 400m fjórsundi, Lilja Ingimarsdóttir sló telnametið í 100m bringusundi og Jóhanna Júlía Júlíusdóttir sló meyjametið í 100m bringusundi í 50m laug.

Innanfélagsmet á árinu.

Fjölmörg innanfélagsmet hafa fallið á árinu og þar hafa eftirtaldir aðilar verið áberandi. Jóhanna Júlía Júlíusdóttir, Jóna Helena Bjarnadóttir, Lilja Ingimarsdóttir og Soffía Klemenzdóttir.

Sundæfingar

Eldri hópur ÍRB æfir í Vatnaveröld undir stjórn Steindórs Gunnarssonar, íþróttakennara og yfirþjálfara. Yngri ÍRB hópur æfir í Vatnaveröld undir stjórn Eðvarðs Þórs Eðvarðssonar, íþróttakennar og íþróttافرæðings. Eins og fram hefur komið hér á undan hafa þeir félagar gert feikna góða hluti undanfarin ár og komið sundmönnum í Reykjanesbæ í fremstu röð á landsvísu.

Sundmenn á aldrinum 6 – 12 ára æfa undir stjórn Sóleyjar Margeirsdóttur, íþróttافرæðings, í Vatnaveröld, en hún tók við af Írisi Dögg Steinsdóttur í vor. Markmiðið er að þjálfra krakkan í öllum fjórum höfuðsundunum auk þess sem lögð er áhersla á stungur og snúningum við bakka.

Sundmenn á aldrinum 2ja – 6 ára æfa í Heiðarskóla undir stjórn Sóleyjar Margeirsdóttur. Markmiðið með kennslunni er að gera krakkana synda án kúta og þar með tilbúna fyrir æfingar í Vatnaveröld. Sú nýbreytni var tekin upp á árinu að skipta tímabilinu í 2 annir, fyrir og eftir jól og hefur það komið vel út til þessa. Áður höfðum við prófað að skipta árinu í fernt, en það þótti óþarflega fínkornótt.

Til stóð að halda áfram með ungbarnasund í Heiðarskóla, en þjálfarinn hvarf af velli með skömmum fyrirvara og var þá fallið frá því. Ákveðið var að fylla ekki í skarðið, þar sem tengslin við ungbarnasundið voru fremur veik á síðasta ári. Stjórn SK telur jákvætt að boðið sé upp á ungbarnasund í Reykjanesbæ og mun mögulega síðar standa fyrir ungbarnasundi undir merkjum SK.

Fjöldi iðkenda í Vatnaveröld minnkaði nokkuð í haust. Það olli vonbrigðum, ekki síst í ljósi þess hversu vel starfið hefur gengið á öllum vígsstöðvum. Þjálfarar brugðust við með því að heimsækja skólana í haust og í byrjun árs 2009 var sett heilsíðu auglýsing í Víkurfréttir sem fylgt var eftir með heimsóknum. Þessar rispur skiluðu ágætis árangri og vonumst við til þess að sú síðari skili 10 – 20 nýjum iðkendum til lengri tíma.

AFREKASKRÁ SUNDDEILDAR KEFLAVÍKUR



AFREKASKRÁ KEFLAVÍKUR

Síðast uppfært des. 2008
(með fyrirvara)

(Frá "01")
25m LAUG

Konur

| | | | |
|-----------------|----------|-----|----------------------------|
| 50m skriðsund | 00:27:56 | "07 | Soffía Klemenzdóttir |
| 100m skriðsund | 01:00:09 | "08 | Soffía Klemenzdóttir |
| 200m skriðsund | 02:08:13 | "03 | Póra Björg Sigurþórsdóttir |
| 400m skriðsund | 04:31:47 | "07 | Elfa Ingvadóttir |
| 800m skriðsund | 09:15:50 | "08 | Jóna Helena Bjarnadóttir |
| 1500m skriðsund | 18:10:63 | "08 | Jóna Helena Bjarnadóttir |
| 50m baksund | 00:31:52 | "07 | Marín Hrund Jónsdóttir |
| 100m baksund | 01:07:21 | "07 | Marín Hrund Jónsdóttir |
| 200m baksund | 02:25:04 | "07 | Marín Hrund Jónsdóttir |
| 50m flugsund | 00:29:74 | "07 | Soffía Klemenzdóttir |
| 100m flugsund | 01:04:60 | "02 | Eydís Konráðsdóttir |
| 200m flugsund | 02:21:31 | "08 | Soffía Klemenzdóttir |
| 50m bringusund | 00:33:47 | "03 | Íris Edda Heimisdóttir |
| 100m bringusund | 01:11:32 | "01 | Íris Edda Heimisdóttir |
| 200m bringusund | 02:30:93 | "03 | Íris Edda Heimisdóttir |
| 100m fjórsund | 01:07:02 | "01 | Íris Edda Heimisdóttir |
| 200m fjórsund | 02:21:93 | "08 | Soffía Klemenzdóttir |
| 400m fjórsund | 04:59:45 | "08 | Jóna Helena Bjarnadóttir |

Stúlkur

| | | | |
|-----------------|----------|-----|--------------------------|
| 50m skriðsund | 00:27:56 | "07 | Soffía Klemenzdóttir |
| 100m skriðsund | 01:00:09 | "08 | Soffía Klemenzdóttir |
| 200m skriðsund | 02:10:02 | "07 | Soffía Klemenzdóttir |
| 400m skriðsund | 04:31:47 | "07 | Elfa Ingvadóttir |
| 800m skriðsund | 09:15:50 | "08 | Jóna Helena Bjarnadóttir |
| 1500m skriðsund | 18:10:63 | "08 | Jóna Helena Bjarnadóttir |
| 50m baksund | 00:31:52 | "07 | Marín Hrund Jónsdóttir |
| 100m baksund | 01:07:21 | "07 | Marín Hrund Jónsdóttir |
| 200m baksund | 02:25:04 | "07 | Marín Hrund Jónsdóttir |
| 50m flugsund | 00:29:74 | "07 | Soffía Klemenzdóttir |
| 100m flugsund | 01:05:81 | "07 | Soffía Klemenzdóttir |
| 200m flugsund | 02:21:31 | "08 | Soffía Klemenzdóttir |
| 50m bringusund | 00:33:89 | "01 | Íris Edda Heimisdóttir |
| 100m bringusund | 01:11:32 | "01 | Íris Edda Heimisdóttir |
| 200m bringusund | 02:32:91 | "01 | Íris Edda Heimisdóttir |
| 100m fjórsund | 01:07:60 | "07 | Soffía Klemenzdóttir |
| 200m fjórsund | 02:21:93 | "08 | Soffía Klemenzdóttir |
| 400m fjórsund | 04:59:45 | "08 | Jóna Helena Bjarnadóttir |

Telpur

| | | | |
|-----------------|----------|-----|------------------------|
| 50m skriðsund | 00:27:56 | "07 | Soffía Klemenzdóttir |
| 100m skriðsund | 01:00:32 | "07 | Soffía Klemenzdóttir |
| 200m skriðsund | 02:10:02 | "07 | Soffía Klemenzdóttir |
| 400m skriðsund | 04:37:20 | "07 | Soffía Klemenzdóttir |
| 800m skriðsund | 09:29:85 | "06 | Elfa Ingvadóttir |
| 1500m skriðsund | 18:53:45 | "06 | Elfa Ingvadóttir |
| 50m baksund | 00:33:61 | "06 | Elfa Ingvadóttir |
| 100m baksund | 01:12:22 | "06 | Elfa Ingvadóttir |
| 200m baksund | 02:30:07 | "06 | Elfa Ingvadóttir |
| 50m flugsund | 00:29:74 | "07 | Soffía Klemenzdóttir |
| 100m flugsund | 01:05:81 | "07 | Soffía Klemenzdóttir |
| 200m flugsund | 02:22:28 | "07 | Soffía Klemenzdóttir |
| 50m bringusund | 00:35:05 | "04 | Helena Ósk Ívarsdóttir |
| 100m bringusund | 01:13:47 | "08 | Lilja Ingimarsdóttir |
| 200m bringusund | 02:41:17 | "08 | Lilja Ingimarsdóttir |
| 100m fjórsund | 01:07:60 | "07 | Soffía Klemenzdóttir |
| 200m fjórsund | 02:24:10 | "07 | Soffía Klemenzdóttir |
| 400m fjórsund | 05:00:24 | "07 | Soffía Klemenzdóttir |

Meyjar

| | | | |
|-----------------|----------|-----|----------------------------|
| 50m skriðsund | 00:29:95 | "05 | Soffía Klemenzdóttir |
| 100m skriðsund | 01:04:02 | "05 | Soffía Klemenzdóttir |
| 200m skriðsund | 02:16:18 | "05 | Soffía Klemenzdóttir |
| 400m skriðsund | 04:47:72 | "05 | Soffía Klemenzdóttir |
| 800m skriðsund | 10:17:60 | "04 | Jóna Helena Bjarnadóttir |
| 50m baksund | 00:36:01 | "06 | Salóme Rós Guðmundsdóttir |
| 100m baksund | 01:12:53 | "08 | Jóhanna Júlíusdóttir |
| 200m baksund | 02:35:86 | "08 | Jóhanna Júlíusdóttir |
| 50m flugsund | 00:31:81 | "05 | Soffía Klemenzdóttir |
| 100m flugsund | 01:13:09 | "05 | Soffía Klemenzdóttir |
| 200m flugsund | 02:37:42 | "05 | Svandís Þóra Sæmundsdóttir |
| 50m bringusund | 00:37:39 | "05 | María Halldórsdóttir |
| 100m bringusund | 01:21:00 | "06 | Lilja Ingimarsdóttir |
| 200m bringusund | 02:52:14 | "08 | Jóhanna Júlíusdóttir |
| 100m fjórsund | 01:12:63 | "05 | Soffía Klemenzdóttir |
| 200m fjórsund | 02:36:30 | "08 | Jóhanna Júlíusdóttir |
| 400m fjórsund | 05:27:80 | "08 | Jóhanna Júlíusdóttir |

Karlar

| | | | |
|-----------------|----------|-----|-----------------------|
| 50m skriðsund | 00:22:33 | "02 | Örn Arnarson |
| 100m skriðsund | 00:48:57 | "02 | Örn Arnarson |
| 200m skriðsund | 01:52:36 | "05 | Birkir Már Jónsson |
| 400m skriðsund | 04:01:77 | "07 | Birkir Már Jónsson |
| 800m skriðsund | 09:02:51 | "08 | Rúnar Ingi Eðvarðsson |
| 1500m skriðsund | 17:09:56 | "08 | Rúnar Ingi Eðvarðsson |
| 50m baksund | 00:24:47 | "03 | Örn Arnarson |
| 100m baksund | 00:51:74 | "03 | Örn Arnarson |
| 200m baksund | 01:53:40 | "03 | Örn Arnarson |
| 50m flugsund | 00:24:09 | "03 | Örn Arnarson |
| 100m flugsund | 00:54:38 | "04 | Örn Arnarson |
| 200m flugsund | 01:59:68 | "03 | Örn Arnarson |
| 50m bringusund | 00:28:59 | "07 | Guðni Emilsson |
| 100m bringusund | 01:02:99 | "06 | Guðni Emilsson |
| 200m bringusund | 02:17:25 | "06 | Guðni Emilsson |
| 100m fjórsund | 00:55:79 | "03 | Örn Arnarson |
| 200m fjórsund | 01:57:91 | "03 | Örn Arnarson |
| 400m fjórsund | 04:13:03 | "03 | Örn Arnarson |

Piltar

| | | | |
|-----------------|----------|-----|-------------------------------|
| 50m skriðsund | 00:24:30 | "01 | Guðlaugur Már Guðmundsson |
| 100m skriðsund | 00:53:03 | "03 | Birkir Már Jónsson |
| 200m skriðsund | 01:54:54 | "03 | Birkir Már Jónsson |
| 400m skriðsund | 04:04:23 | "04 | Birkir Már Jónsson |
| 800m skriðsund | 09:02:51 | "08 | Rúnar Ingi Eðvarðsson |
| 1500m skriðsund | 17:09:56 | "08 | Rúnar Ingi Eðvarðsson |
| 50m baksund | 00:27:10 | "07 | Davíð Hildiberg Aðalsteinsson |
| 100m baksund | 00:57:66 | "07 | Davíð Hildiberg Aðalsteinsson |
| 200m baksund | 02:06:78 | "07 | Davíð Hildiberg Aðalsteinsson |
| 50m flugsund | 00:26:34 | "07 | Davíð Hildiberg Aðalsteinsson |
| 100m flugsund | 00:57:01 | "07 | Davíð Hildiberg Aðalsteinsson |
| 200m flugsund | 02:07:13 | "04 | Birkir Már Jónsson |
| 50m bringusund | 00:28:97 | "06 | Guðni Emilsson |
| 100m bringusund | 01:02:99 | "06 | Guðni Emilsson |
| 200m bringusund | 02:17:25 | "06 | Guðni Emilsson |
| 100m fjórsund | 00:59:80 | "06 | Guðni Emilsson |
| 200m fjórsund | 02:09:30 | "05 | Guðni Emilsson |
| 400m fjórsund | 04:43:34 | "06 | Guðni Emilsson |

Drengir

| | | | |
|-----------------|----------|-----|-------------------------|
| 50m skriðsund | 00:26:17 | "01 | Birkir Már Jónsson |
| 100m skriðsund | 00:56:61 | "01 | Birkir Már Jónsson |
| 200m skriðsund | 02:01:17 | "01 | Birkir Már Jónsson |
| 400m skriðsund | 04:26:34 | "01 | Birkir Már Jónsson |
| 800m skriðsund | 09:17:61 | "01 | Birkir Már Jónsson |
| 1500m skriðsund | 17:47:42 | "01 | Birkir Már Jónsson |
| 50m baksund | 00:31:03 | "01 | Birkir Már Jónsson |
| 100m baksund | 01:06:56 | "01 | Birkir Már Jónsson |
| 200m baksund | 02:21:66 | "07 | Hermann Bjarki Níelsson |
| 50m flugsund | 00:28:82 | "01 | Birkir Már Jónsson |
| 100m flugsund | 01:02:30 | "01 | Birkir Már Jónsson |
| 200m flugsund | 02:20:38 | "01 | Birkir Már Jónsson |
| 50m bringusund | 00:32:45 | "03 | Guðni Emilsson |
| 100m bringusund | 01:08:69 | "03 | Guðni Emilsson |
| 200m bringusund | 02:28:06 | "03 | Guðni Emilsson |
| 100m fjórsund | 01:05:17 | "03 | Guðni Emilsson |
| 200m fjórsund | 02:25:37 | "03 | Guðni Emilsson |
| 400m fjórsund | 05:12:98 | "03 | Guðni Emilsson |

Sveinar

| | | | |
|-----------------|----------|-----|---------------------------|
| 50m skriðsund | 00:31:11 | "05 | Hermann Bjarki Níelsson |
| 100m skriðsund | 01:05:48 | "05 | Hermann Bjarki Níelsson |
| 200m skriðsund | 02:22:16 | "05 | Hermann Bjarki Níelsson |
| 400m skriðsund | 04:57:13 | "05 | Hermann Bjarki Níelsson |
| 800m skriðsund | | | |
| 1500m skriðsund | 19:55:35 | "05 | Hermann Bjarki Níelsson |
| 50m baksund | 00:36:55 | "05 | Hermann Bjarki Níelsson |
| 100m baksund | 01:18:04 | "03 | Bjarni Ragnar Guðmundsson |
| 200m baksund | 02:41:76 | "05 | Hermann Bjarki Níelsson |
| 50m flugsund | 00:36:53 | "05 | Rúnar Ingi Eðvarðsson |
| 100m flugsund | 01:19:51 | "05 | Rúnar Ingi Eðvarðsson |
| 200m flugsund | 02:55:60 | "01 | Guðni Emilsson |
| 50m bringusund | 00:37:53 | "05 | Ingi Rúnar Árnason |
| 100m bringusund | 01:18:02 | "01 | Guðni Emilsson |
| 200m bringusund | 02:49:68 | "01 | Guðni Emilsson |
| 100m fjórsund | 01:15:91 | "05 | Ingi Rúnar Árnason |
| 200m fjórsund | 02:45:23 | "05 | Ingi Rúnar Árnason |
| 400m fjórsund | 05:35:87 | "08 | Einar Þór Ívarsson |